



MOM103 Myndvinnsla og margmiðlun - Vor 2011

Kennari: Hrefna Stefánsdóttir, hrest@flensborg.is

Áfangalýsing:

Undanfari: MOF 103

Í áfanganum er fjallað um þær breytingar sem orðið hafa á tæknilegri framsetningu upplýsinga. Skoðað verður hvernig gamall og nýr tími mætast í nýrri tækni og hvernig aðferðir, hugtök og mælieiningar gamla tímans birtast í margmiðlun. Sýnt er hvernig samþætting forma, mynda, leturs og hljóðs í miðlum er undirbúið og skipulagt.

Áfangamarkmið:

Nemandinn

- öðlist þekkingu og skilning á þeim breytingum sem orðið hafa í framsetningu á upplýsingum í gegnum tíðina
- Kunni skil á hvernig gamall og nýr tími mætast hvað varðar aðferðir, hugtök og mælieiningar
- Hafi tileinkað sér þær aðferðir sem notaðar eru við undirbúning og skipulagningu á samþættingu forma, mynda, leturs og hljóðs í miðlum.

Efnisatriði:

Myndvinnsla, vektorteikning, hönnun prentgripa, hreyfimyndagerð.

Áhersla lög á myndvinnslu og vektorteikningu, hönnun prentgripa og á hreyfimyndagerð.

Notað er öflugt teikniforrit sem nota má til þess að gera áhrifaríka vektorteikningar fyrir m.a. prent og vef. Kennð eru undirstöðuatriðin í vektorteikningu. Notað er hreyfimyndaforrit sem gerir kleift að útbúa ýmis konar margmiðlunarefni og gagnvirkt efni á vef. Verkefni m.a. vektorteikningar, umbreyta punktamynd í vektormynd, teikna fígúrur, hreyfimynd með hljóði.

Kennsla:

Kennsla fer m.a. fram í fyrirlestrarformi og í gegnum verkefnavinnu. Verkefni verða birt á námsvefnum. Nemendur vinna einir, tveir saman eða í hópum að verkefnum. Nemendur gera vinnubók sem þeir safna verkum sínum í og skila í lok annar til mats. Þar sem ekki er nægur fjöldi tölva með viðeigandi forritum til að allir nemendur geti unnið í tölvu samtímis

verður vinnu skipt upp þannig að nemendur skiptast á að vinna að tölvuverkefnum og öðrum verkefnum og eru þar af leiðandi ekki alltaf alveg á sama stað í verkefnavinnu.

Námsefni:

Kennsluefni og ítarefni sett inn á námsnetið eftir því sem við á en nemendur sjá einnig að einhverju leyti sjálfir um efnisöflun undir leiðsögn kennara.

Námsgögn:

Nemendur eiga að vera með A4 skissubók („scrap-book“) og hafa nauðsynleg áhöld tiltæk s.s. blýant, filtpenna, túss- eða trélit, lím-stifti og annað sem kann að koma að gagni við vinnu í bókina. Mikill kostur ef nemendur hafa aðgang að forritunum sem nemendur nota í náminu utan skólans. Minnislykill.

Verkefnaskil:

Annareinkunn gildir 100% og áfanginn því próflaus. Nemendur verða því að hafa skilað öllum þeim verkefnum sem þeim hefur verið sett fyrir til að ná áfanganum.

Verkefnum skal skila á innan uppgefins skilafrests. Fyrir hvern dag sem dregst að skila verkefni er 0,5 dreginn frá einkunn.

Námsmat:

Mætingarskylda er í áfangann. Þeir nemendur sem **hafa minni en 90% mætingu lækka um 0,5 í einkunn fyrir áfangann fyrir hver 5% sem mæting fer undir 90%**. Óvenjumikil veikindi sem bitna á verkefnaskilum geta einnig orðið til þess að nemandi nái ekki áfanganum. Nemandi sem er veikur þegar verkefni/próf er lagt fyrir **skal hafa samband við kennara til að ræða úrlausn áður en skilafrestur verkefnisins rennur út.**

Vægi við mat:

Verkefni: 60%

Vinna og virkni í tímum: 30%

Annað: 10%

Kennsluáætlun:

Vika	Dags.	Viðfangsefni	Verkefni
1	4. - 6. janúar	Hraðtafla – Kynning á áfanga – Rætt um skipulag	Væntingar til áfanga - markmið sett - hvernig á að ná þeim?
2	9. - 13. janúar	Illustrator – farið yfir forritið og borið saman við aðstæður og verkfæri í fortíð – Áhöld - grafísk form - vektorteikningar	Verkefni
3	16. - 20. janúar	Illustrator – hugmyndavinna	Verkefni
4	23. - 27. janúar	Illustrator – hugmyndavinna	Verkefni
5	30. jan. - 3. feb.	Illustrator – hugmyndavinna	Verkefni Vinniubók skil 3. febrúar
6	6. - 10. febrúar	Illustrator – hugmyndavinna	Verkefni
7	13. - 17. febrúar	Illustrator – hugmyndavinna	Verkefni
8	20. - 24. febrúar	Illustrator – hugmyndavinna	Verkefni Vinnubók skil 24. febrúar
9	27. feb. - 2. mars	Illustrator – hugmyndavinna	Verkefni
10	5. - 6. mars	Illustrator – hugmyndavinna	Verkefni
Vakningardagar og vorfrí 7. - 9. mars			
11	12. - 16. mars	Flash	Verkefni

12	13. - 23. mars	Flash	Verkefni
13	26. - 30. mars	Flash	Verkefni
14	2. - 10. apríl	Páskafri	
15	11. - 13. apríl	Flash	
16	16. - 20. apríl	Flash	Verkefni
17	23. - 27. apríl	Lausir endar hnýttir	Verkefni

Kennsluáætlun getur tekið breytingum.